

1866.
27. febrúar. hún bar málið upp fyrir konungi, að sjá yrði um, að fê þetta væri ekki greidd af höndum, nema víst sê, að sjúkrahúsið komist á fót, og það verði svo úr garði gjört, að það samsvari tilganginum, vonumst vér eptir að fá frá yður ítarlegri skýrslu og uppástungur um þetta atriði.

27. febrúar. **28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um sölu á bókum prentsmiðjunnar og skil fyrir þeim.**

Með bréfi dagsettu 7. ágústmán. f. á. hefir stiptantið og þér, háæruverðugi herra, sent hingað skjal frá Einari Þórðarsyni, forstöðumanni stiptyprentsmiðjunnar í Reykjavík. Í því ber hann sig upp undan, að þá er reikningar prentsmiðjunnar hafi verið yfir skodadir, hafi hvað eptir annað verið gjörð sú útasetning, að hann hafi reiknað sêr sölulaun af öllu því, sem hann á ári hverju hefir sent út um landið af bókum þeim, sem prentaðar hafa verið á kostnað prentsmiðjunnar, í stad þess að reikna þau að eins af þeirri upphæð, sem hefir runnið inn í sjóð prentsmiðjunnar fyrir þær, og líka undan því, að honum hefir verið gjört að skyldu í úrskurði um prentsmiðjureikninginn fyrir árið 1861, að láta reikningnum fylgja prentuð eyðublöð, er honum hafa verið send í því skyni, og hann og hinir bókasöllumennirnir eiga að fylla eins og vera ber. Með því að hann ekki treystir sêr til að fullnægja skipun þeirri, er nú var nefnd, hefir hann sókt um að mega losast við að standa framvegis fyrir sölunni á bókum þeim, sem prentsmiðjan gefur út á sinn kostnað, nema því að eins, að gjörðar verði breytingar á reglum þeim, sem settar hafa verið um bókasöluna, eins og nú hefir sagt verið. Stiptantið og þér, háæruverðugi herra, hafið þar að auki skotið til atkvæða dómsmálastjórnarinnar, hvort ekki muni vera tilefni til að breyta ákvörðuninni um hin fyrir skipuðu eyðublöð vegna þess, hversu erfitt er, eptir því hvernig ástatt er á Íslandi, að haga bókasölunni, eins og lagt hefir verið fyrir.

1866.

27. febrúar.

Um leið og þess skal getið, að það hefði verið æskilegt, að Einar Þórðarson, prentsmíðjufulltrúi, hefði komið með uppástungu um öðruvísi reikningsform, í stað þess að hann hefir látið sér nægja með almennum orðum að skorast undan að nota hin umgetnu eyðublöð, og að stiptsyfirvöldin hefðu sýnt fram á, í hverju erfðileikarnir við tilhögun þá á bókasölunni, sem nú er fyrir skipuð, eru fólgnir, skal yður til vitundar gefið, eptir að skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeildina um þetta, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörðið Einari Þórðarsyni það, að aðalsalan á bókum stiptsprentsmíðjunnar æfinlega verður að vera í þess manns höndum, sem er forstjóri prentsmíðjunnar, að aðalbókasölumaðurinn ekki má taka eða nota aðra menn sem umboðsmenn sína, en þá, sem geta og vilja gjöra skil á hverju ári fyrir því, sem þeir hafa tekið við og því sem þeir hafa selt, að aðalbókasölumaðurinn á líka sjálfur að gjöra hin sömu skil, og að það er sjálfsagður hlutur, að hann að eins má reikna sér sölulaun af því, sem hefir verið selt og borgað. Samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið, má ekki útaf því breyta, að gjört sé grein fyrir, hvernig sem á stendur:

1. hversu miklar eptirstöðvar hafi verið af hverri bók um sig við byrjun hvers árs, bæði við prentsmíðjuna og hjá hverjum bókasölumanni;
2. hversu mikið hafi bæzt við það árið (annaðhvort frá prentsmíðjunni eða sem aðalbókasölumaðurinn hefir sent umboðsmönnum);
3. hversu mikið hafi verið selt af hverri bók;
4. hversu mikil sölulaun sé af því, og hvernig afgangurinn hafi verið borgaður; og loks
5. hversu miklar eptirstöðvarnar þá séu við árslokin.

Að endingu skal því við bætt, að reikningastjórnardeildin hefir látið á sér skilja, að hún muni láta búa til og senda hlutaðeigendum ný eyðublöð, sem verði svo einföld, sem unnt er.